


*Alþingi  
Erindi nr. P 138/2637  
komudagur 1.6.2010*

**Efnahags og viðskiptaráðuneytið**



# **Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta**

Minnisblað vegna iðgjalds



**TALNAKÖNNUN HF.**

Máí 2010

Í framhaldi af því að fram eru komnar nýjar hugmyndir um framsetningu á iðgjaldi vegna innstæðutryggingasjóðs hefur undirritaður sett nokkra punkta á blað.

## 1. Breyting á iðgjaldsgrunni

Tillaga er um breytingar á 10. grein frumvarpsins þannig að:

### a. 1. mgr. verði svohljóðandi:

**Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skiptast í almennt iðgjald skv. 2. mgr., iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar skv. 3. mgr. og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar skv. 4. mgr. Iðgjöld skulu greidd í íslenskum krónum.**

### b. 2. mgr. verði svohljóðandi:

**Iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar (...) % af öllum innstæðum sem njóta tryggingarverndar hjá viðkomandi innlánsstofnun.**

Hér er reiknað með því að ekki sé greitt iðgjald af öllum innstæðum heldur einungis þeim sem njóta tryggingar frá sjóðnum. Þetta þýðir skv. Töflu 1. á bls. 5 í skýrslu Talnakönnunar í nóvember síðastliðnum að iðgjaldsstofninn er á bilinu 29 til 33% af innstæðum. Miðað við núverandi gengi evrunnar sem er nálægt 160 krónum á evru er hlutfallið um 30%. Þetta þýðir að iðgjaldið þarf að hækka úr 0,3% af öllum innstæðum í 1,0% af tryggðum innstæðum. Miðað við þennan stofn þarf að margfalda allar tölur úr fyrri útreikningum með 3,3. **Almennt iðgjald yrði því 1,0% á ári eða 0,25% á ársfjórðungi, ef aðeins er miðað við tryggðar innstæður.**

Fyrri hugmyndin að breytingu á þessari grein felst í því að í stað greinarinnar: „Nemi samtala tryggðra innstæðna hjá innlánsstofnun í lok síðasta ársfjórðungs meira en 25% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald fyrir skal iðgjald hækka um 0,01% á ársgrundvelli, 0,0025% á ársfjórðungi, fyrir hvert prósentustig umfram það viðmið“ komi eftirfarandi:

### c. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

**Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald sem nemur 0,008% á ársgrundvelli, eða 0,002% á ársfjórðungslegum gjalddaga, fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald af.**

Í þessu felast tvær breytingar. Upprunalega tillagan gerði ráð fyrir því að iðgjald hækkaði miðað við allan grunninn. Nýja tillagan miðar við að einungis sé greitt viðbótariðgjald af því sem fellur umfram ákveðið viðmið. Með þessu móti er iðgjald lækkað þannig að viðbótarálagning kemur aðeins á þann hluta iðgjaldsins sem er umfram tiltekna lágmarksprósentu (upprunalega 25%, í nýju tillögunum 10%). Þetta þýðir að viðbótariðgjald er minnkað vegna þeirrar áhættu sem felst í því að innlánsstofnun hafi mjög stóra markaðshlutdeild.


Rökin á bak við þennan hluta iðgjaldsálagningarinnar eru þau að því stærri hluti tryggðra innstæðna sem eru í einni innlánsstofnun, þeim mun meiri er samþjöppun áhættu fyrir sjóðinn. Með þessari breytingu ber innlánsstofnunin minna iðgjald vegna þessarar áhættu. Lækkunin nemur þeim hluta af lágmarkspróscentunni sem viðbótariðgjaldið er.

Miðað við það sem áður er sagt um minnkaðan iðgjaldastofn þyrfti að margfalda 0,008% með 3,3. Þá fæst út 0,0264%.

Þessi breyting hækkar álagninguna vegna þessarar áhættuaukningar talsvert frá fyrri hugmynd, eins og sjá má á mynd 1. Myndin sýnir meðaliðgjöld af öllum tryggðum innstæðum, ekki bara viðbótariðgjaldið.

Viðmið við 10% hefur þann eiginleika að allar líkur eru á því að þrjár innlánsstofnanir muni að jafnaði þurfa að greiða viðbótariðgjald. Hlutdeild þessara stofnana hefur verið 70 til 80% innlána. Þetta þýðir að á þessum stóra hluta innlána verður grunniðgjaldið talsvert umfram þau 1,0% á ári sem lögð eru til grundvallar. Þá leggst álag á mjög stóran hluta iðgjalda og í raun verður meðaliðgjaldið talsvert hærra en 1,0%. Uppsöfnun myndi því ganga nokkru hraðar en áður var áætlað.

Mynd 1: Áhrif aukaiðgjalds við 10%, 20% og 25% hlutdeild (upprunaleg hugmynd)




Hér er reiknað með því að aukaiðgjald byrji við 10% og borið saman við aðra kosti.

Á mynd 1 sést hvaða áhrif það hefði að hafa viðbótariðgjald reiknað frá 10% og ársiðgjaldið yrði 0,0264% af því sem væri umfram 10%. Meðaliðgjald við 20% markaðshlutdeild yrði þá 1,13% og 1,24% við 25% hlutdeild. Iðgjaldið við 35% hlutdeild yrði gjaldið 1,47% en í upprunalegri tillögu hefði það verið 1,33%.

Vegna þessa var líka reikna hvaða áhrif það hefði að viðbótarstuðullinn yrði 0,016% í stað 0,0264%. Þannig fékkst iðgjald þar sem álagið er talsvert lægra eins og sjá má á mynd 2.

Mynd 2. Áhrif lægra aukaiðgjalds við 10% markaðshlutdeild



Það hefur áhrif á iðgjald 75-80% markaðsins ef iðgjaldsálag hækkar við 10%.

Ef vilji stendur til þess að lækka 25% markið leggur undirritaður til að útfærslan verði annað hvort

- 10% með viðbótariðgjaldi 0,016% á ári eða 0,004% á ársfjórðungi fyrir hvert prósentustig umfram 10% eða
- notuð 20% og viðbótariðgjald 0,04% ár ári eða 0,01% á ársfjórðungi fyrir hvert prósentustig umfram 20%.

### 3. Iðgjald verði breytilegt miðað við áhættu

Tillaga liggur fyrir um að iðgjaldið taki mið af áhættu. Tillagan er svohljóðandi:

„Auk iðgjalds skv. 2. mgr. og 3. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald í samræmi við áhættueinkunn stjórnar sjóðsins sem gefin skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar skal nema 35% af einkunninni, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Áhættueinkunn hvers innlánsstofnunar skal birt á vefsíðu sjóðsins. Fjármálaeftirlitið gefur út reglur um þau atriði sem skulu teljast með við útreikninga á hverjum áhættuþætti skv. 1. málsl. og um tíðni útreikninga á einstökum áhættuþáttum. Áhættueinkunn skal lægst hafa gildið 1 en hæst gildið 2 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með einkunn viðkomandi innlánsstofnunar.“

Þessi tillaga um áhættuiðgjald á sér hliðstæðu í innstæðutryggingakerfum margra Evrópuríkja. Í henni er ekki tiltekið hvernig meta skuli hina einstöku þætti og í samtali við fulltrúa úr Fjármálaeftirlitinu kom fram að þar liggja ekki fyrir tillögur um útfærslu á þessu iðgjaldi. Það meginsjónarmið hlýtur að gilda að grunnurinn sé einfaldur og auðvelt að nálgast þær tölur sem nota skal.

Miðað við framsetninguna mun engin tryggð stofnun greiða lægra iðgjald en 0,3% af innstæðum á ári, en það gæti orðið allt að 0,6%. Þetta myndi því leiða til hraðari uppsöfnunar í sjóðnum en áður var miðað við.

Tillagan útfærir ekki hvernig iðgjaldinu skuli háttáð. Þó er rétt að koma með ákveðnar ábendingar. Í fyrsta lið er talað um eiginfjáruppbyggingu en ekki eiginfjárstyrk. Eðlilegt væri að taka mið af hvoru tveggja þannig að tillit væri tekið til sterks (eða lítils) eiginfjár. Í öðru lagi skal reikna út frá vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta. Ekki er ljóst hvernig meta skal fjármögnun. Margir töldu til skamms tíma, að það væri gott að vægi innlána væri hátt. Reynslan af innlánaöfnun erlendis bendir ekki til þess að það sé örugg fjármögnunarleið.

Í þriðja lagi er tekið tillit til áhættudreifingar. Þar getur komið til áhætta vegna einstakra lántakenda, ákveðinna atvinnugreina eða landssvæða svo að dæmi sé tekið. Víða erlendis er litið til þess hve stór hluti útlána er flokkaður sem mikil áhætta, þ.e. tekið er tillit til stærðar afskriftarreiknings.

Við uppsetningu á iðgjaldi af þessu tagi verður gæta þess að iðgjaldið sjálft leiði ekki til þess að innlánsstofnanir „fegri“ myndina með einhverjum hætti og taki ekki fullt tillit til áhættu.

Talað er um áhættueinkunn innlánsstofnana. Heppilegra kynni að vera að segja að iðgjaldið sé reiknað út miðað við áhættustuðla.

Víða um Evrópu er gert ráð fyrir bæði hækkun og lækkun á iðgjaldi vegna áhættustuðla. Stuðlarnir eru þá t.d. á bilinu 0,75 til 1,4. Slíkt kerfi gæti komið til greina á Íslandi þegar fram í sækti, en fyrst um sinn er mikilvægt að tryggingasjóðurinn byggist hratt upp og því ekki mælt með afslætti að sinni. Auðvitað væri hægt að taka það upp strax og miða grunniðgjald t.d. við 1,2% af innstæðum í stað 1,0%.

Formúla fyrir iðgjaldinu yrði

$$c_i = (\alpha + \mu_i)\beta_i x_i$$

þar sem  $c_i$  = iðgjald innlánsstofnunar númer  $i$

$\alpha$  = árlegt iðgjald, hér 1% af tryggðum innstæðum

$\mu_i$  = viðbótariðgjald vegna markaðshlud. innlánsstofnunar  $i$  umfram ákveðið lágmark

$\beta_i$  = áhættustuðull innlánsstofnunar númer  $i$

$x_i$  = iðgjaldsstofn, skv. tillögum allar tryggðar innstæður í stofnun  $i$ .

Yfirlit um áhættutryggingastuðla og formúlur má finna í skýrslunni *Risk-based contributions in EU Deposit Guarantee Schemes: Current practices*, frá Evrópuráðinu í júní 2008. (*European Commission, Joint Research Centre, Unit G09, Ispra (Italy)*).


Í sumum tilvikum er matið algerlega samfellt sem merkir að stuðullinn getur tekið hvaða gildi sem er milli 1,0 og 2,0. Í öðrum tilvikum er iðgjaldið í þrepum og fer eftir einkunnagjöf sem þá er í bókstöfum. Hæsta einkunn gæfi stuðullinn 1,0 sú næsthæsta 1,1

og svo koll af kolli þannig að lægsta einkunn gæfi 2,0. Eftir því sem stuðullinn hækkar hlýtur að vakna spurning um rekstrarhæfi viðkomandi innlánsstofnunar.

Því má ekki gleyma að ef litið verður til opinbers lánsþæfismat að íslensku bankarnir voru með býsna góða lánsþæfiseinkunn frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum allt þar til skömmu áður en þeir féllu.

Segja má að það megi hugsa sér álagsstuðulinn með þrenns konar hætti þegar litið er á stuðla í Evrópulöndum. Í fyrsta lagi stuðul sem er algerlega línulegur miðað við einkunnagjöf, stuðul sem tekur þrepaskipt gildi og í þriðja lagi stuðul sem fer stighækkandi eftir því sem einkunnin lækkar. Þessar þrjár útfærslur eru sýndar á mynd 3. Allar hafa sína kosti og galla.

Mynd 3. Þrjár tegundir áhættustuðla á bilinu 1-2.



Myndin endurspeglar helstu tegundir áhættustuðla.

Þar sem ætla má að af ýmsum ástæðum verði erfitt að meta áhættustuðla á Íslandi vegna óvissu um stöðu útlána í bönkunum leggur undirritaður til að áhættustuðlarnir verði reiknaðir frá gildistöku laganna en að þeim verði ekki beitt fyrr en á árinu 2012. Þeir verði hins vegar birtir innlánsstofnunum frá fyrsta útreikningsdegi þannig að þær sjái hvaða áhrif þeir myndu hafa á iðgjaldið. Opinber birting stuðulsins er pólitísk ákvörðun. Hún getur haft áhrif á tiltrú fjármagnseigenda á stofnuninni og því eðlilegt að menn hafi það í huga frá upphafi.

Reykjavík 1.6.2010

*Benedikt Jóhannsson*

Breytingartillögur ásamt skýringum

við frv. til l. um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.

a. Orðskýringin Innlánsstofnun orðist svo: Viðskiptabanki eða sparisjóður sem stundar starfsemi skv. a. lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og hlotið hefur starfsleyfi hér á landi.

b. Orðskýringin Innstæða orðist svo: Inneign á reikningi í eigu viðskiptamanns hjá innlánsstofnun, að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum, og millifærsla í hefðbundinni almennri bankastarfsemi sem innlánsstofnun ber að endurgreiða samkvæmt lögum og umsömdum skilmálum og hlutdeild viðskiptamanns í reikningi innlánsleiðar vörsluaðila lífeyrissparnaðar hjá innlánsstofnun. Lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heilidsöluinnlán og safnreikningar, aðrir en reikningar innlánsleiða vörsluaðila lífeyrissparnaðar, teljast ekki til innstæðna.

c. Orðskýringin Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu orðist svo: Fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi til að stunda starfsemi á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

d. 8. tölul. falli brott.

e. Við bætist tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

a. Vörsluaðili lífeyrissparnaðar: Aðili skv. 3. mgr. 8. gr. laga 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hefur heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla sömu laga.

b. Innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar: Fjárfestingarleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem eingöngu hefur heimildir til að ávaxta fé sitt á innlánsreikningi samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

*Skýring:*

*Í b-lið er lagt til að lántökur innlánsstofnunar, eiginfjárreikningar, peningamarkaðsinnlán, heilidsöluinnlán og safnreikningar teljist ekki til innstæðna samkvæmt frumvarpinu. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er tilgangur þess og tilskipunar um innstæðutryggingar fyrst og fremst sá að veita innstæðueigendum ákveðna tryggingarvernd fari svo að innlánsstofnun geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hér er leitast við að afmarka með skýrum hætti hvaða fjármálaafurðir njóti umræddrar verndar og teljist þar með til innstæðna í skilningi frumvarpsins. Frumvarpið mun hins vegar ekki leysa allan ágreining um túlkun á því hvaða fjármálaafurðir teljist eða geti talist til*

innlána. Peningamarkaðsinnlán hafa fyrst og fremst gegnt hlutverki fjárfestingarvalkosta fyrir stærri fjárfesta og hafa fjármálaafyrirtækin nýtt þessar afurðir til fjármögnunar. Ljóst er að áhöld eru um það hvort peningamarkaðsinnlán og heildsöluinnlán teljist til innlána. Í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess ágreinings en hins vegar er tekið fram að umræddar fjármálaafurðir skuli ekki telja til innstæðna í skilningi frumvarpsins og njóti því ekki verndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Þar með geta umræddar afurðir heldur ekki talist til forgangskrafna í þrotabú með sama hætti og almenn innlán gera skv. 12. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi verður að líta til þátta eins og tilgangs tryggingakerfisins, stærðar innlána og afleiðinga þess ef öllum fjármálaafurðum sem að einhverju leyti mætti líkja til innlána yrði veitt sú grundvallarvernd sem er lögð til samkvæmt frumvarpinu. Því hefur verið haldið fram í þessu samhengi að með því að undanskilja peningamarkaðsinnlán tryggingavernd sé verið að staðfesta að neyðarlögin nr. 125/2008 hafi verið framkvæmd rangt þegar peningamarkaðsinnlán annarra en fjármálaafyrirtækja voru flutt yfir í nýju bankana sem innstæður. Því er til að svara að frumvarpið mun ekki hafa afturvirk áhrif að þessu leyti og er engin afstaða tekin til fortíðarinnar þótt í frumvarpinu sé tekið af skarið um tryggingavernd innstæðna framtíðarinnar. Einnig má benda á að ekki í öllum tilfellum var við flutning innlána yfir í nýju bankanna litið á peningamarkaðsinnlán sem innstæður. Einnig hefur verið bent á að þessi aðgreining í frumvarpstextanum muni leiða til að peningamarkaðsinnlán teldust ekki til forgangskrafna og stæðu því aftar en innlán í kröfuröð við gjaldþrot banka. Það myndi leiða til þess að helstu notendur umræddrar fjármálaafurðar, s.s. lífeyrissjóðir og stórir fjárfestar myndu frekar horfa til annarra fjárfestingarkosta, t.d. innlánsreikninga sem ekki væru eins hentugir fyrir þá. Rétt er að vekja aftur athygli á tilgangi frumvarpsins og innstæðutrygginga almennt séð, þ.e. að vernda sparifé almennings en ekki stofnanafjárfesta. Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins standa peningamarkaðsinnlán almennum sparifjáreiganda hreinlega ekki til boða þar sem ákveðin skilyrði eru um lágmarksstærð slíkrar fjárfestingar og verður því þegar af þeirri ástæðu að hafna því að rétt sé að veita peningamarkaðsinnlánnum tryggingavernd samkvæmt löggjöf um innstæðutryggingakerfi.

2. Við 4. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. komi þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en einn skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

### Skýring

Í meðförum viðskiptanefndar fyrr í vetur var lagt til að tveir stjórnarmenn væru skipaðir án tilnefningar en einn stjórnarmaður tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Til að gæta samræmis var skoðað hvort rétt væri að Fjármálaeftirlitið tilnefndi einn stjórnarmann en fallið var frá þeim hugmyndum þar sem Tryggingarsjóður innstæðueigenda er eftirlitsskyldur aðili og lýtur því eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Það er í raun ósamrýmanlegt að eftirlitsaðili tilnefni stjórnarmann í stjórn eftirlitsskylds aðila. Réttilega má benda á að sambærileg rök eiga við um tilnefningu Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn hefur með höndum hluta af eftirliti með einstökum fjármálaafyrirtækjum, þ.e. eftirlit með lausaffjárstöðu innlánsstofnana, og er gert ráð fyrir upplýsingagjöf hans til sjóðsins varðandi upplýsingar sem sjóðnum eru nauðsynlegar til þess að ákvarða iðgjald innlánsstofnunar. Vert er að benda á að hæfisskilyrði stjórnarmanna eru mjög ströng eins og kemur fram í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins og er þar um að ræða umfangsmikla breytingu frá skilyrðum gildandi laga.



3. Við 6. gr.

Við 3. mgr. bætist: í samræmi við hlutfall hverrar deildar í heildarkostnaði.

4. Við 7. gr.

Inngangsmálsliður orðist svo: Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini innlánsstofnunar eða fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins fjárhæð sem nemur vernd sjóðsins skv. 12. gr. og 20. gr. enda hafi greiðsluskylda sjóðsins orðið virk vegna:

5. Við 10. gr.

a. 1. mgr. verði svohljóðandi:

Innlánsstofnanir skulu greiða iðgjöld til A-deildar frá því þær hefja starfsemi skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Iðgjöld skiptast í almennt iðgjald skv. 2. mgr., iðgjald sem reiknast á grundvelli markaðshlutdeildar skv. 3. mgr. og iðgjald sem reiknað er á grundvelli áhættueinkunnar skv. 4. mgr. Iðgjöld skulu greidd í íslenskum krónum.

b. 2. mgr. verði svohljóðandi:

Almennt iðgjald skal á ársgrundvelli nema sem svarar 1% af öllum innstæðum sem njóta tryggingarverndar hjá viðkomandi innlánsstofnun, eða 0,25% á ársfjórðungslegum gjalddaga.

c. Í stað 3. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald fyrir hvert prósentustig umfram 10% af heildarinnstæðum sem greitt er iðgjald af sem nemur 0,016% á ársgrundvelli, eða 0,004% á ársfjórðungslegum gjalddaga fyrir hvert prósentustig.

Auk iðgjalds skv. 2. mgr. og 3. mgr. greiða innlánsstofnanir breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul stjórnar sjóðsins sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Áhættustuðull hverrar innlánsstofnunar skal birtur á vefsíðu sjóðsins. Fjármálaeffirlitið gefur út reglur um þau atriði sem skulu teljast með við útreikninga á hverjum áhættuþætti skv. 1. másl. og um tíðni útreikninga á einstökum áhættuþáttum. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 1 en hæst gildið 2 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.

d. 4. mgr. er verði 5. mgr. orðist svo: Gjalddagar skulu vera fjórir á ári, einn fyrir hvern ársfjórðung, síðasta virkan dag í febrúar, maí, ágúst og nóvember.

e. Seinni másl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) fellur brott.

f. 1. másl. 7. mgr. (er verði 8. mgr.) orðist svo: Eigi síðar en 30 dögum eftir lok ársfjórðungs skulu innlánsstofnanir hafa veitt sjóðnum upplýsingar um samtölu þeirra eigna og atriða sem álagning skv. 2.-4. mgr. byggist á.

g. Við 7. mgr. (sem verður 8. mgr.) bætist nýr másl. sem verður 4. másl. og orðist svo: Sjóðurinn tilkynnir innlánsstofnunum upphæð iðgjalds a.m.k. sjö dögum fyrir gjalddaga.

h. Fyrsti málsliður 8. mgr. (er verði 9. mgr.) verði svohljóðandi: Standi innlánsstofnun ekki skil á upplýsingum sem henni ber að veita skv. 8. mgr. er sjóðnum heimilt að áætla iðgjald innlánsstofnunar skv. 2.-4. mgr.

- i. 10. mgr. falli brott.

### *Skýring*

*Í þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðinu eru lagðar til talsverðar breytingar á útreikningi iðgjalda. Lagt er til að ákvæði um iðgjaldagreiðslur verði einfaldað nokkuð frá því sem fram kemur í frumvarpinu, auk þess sem kveðið er á um viðbótariðgjald sem reiknast út frá áhættueinkunn hvernar innlánsstofnunar. Vakin er athygli á því að Tryggingasjóður innstæðueigenda skal gefa innlánsstofnunum áhættustuðul. Aðrar breytingar á ákvæðinu leiðir í raun af umræddum breytingum á útreikningi iðgjaldsins.*

*Er um nánari skýringar vísað til meðfylgjandi umfjöllunar Benedikts Jóhannessonar tryggingastærðfræðings.*

6. Við 11. gr.

Í stað orðanna „skv. 4. mgr. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: skv. 5. mgr. 10. gr.

7. Við 12. gr.

a. Heiti greinarinnar verði Greiðslur úr A-deild.

b. Við fyrsta másl. 1. mgr. bætast orðin „í íslenskum krónum“.

c. Við. 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, er verði 3. og 4. málsliður, svohljóðandi: Eigi sjóðurinn fjármuni í sömu mynt og tryggð innstæða, er honum þó heimilt að greiða innstæðueiganda í þeirri mynt að öllu leyti eða hluta. Réttthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar telst innstæðueigandi samkvæmt þessari grein.

d. Á eftir orðunum „innstæðueigenda sem“ í 1. másl. 2. mgr. komi: „innstæðueigenda og vörsluaðila sem“.

e. orðalagið „upplýsingar um innstæður þeirra innstæðueigenda sem njóta verndar samkvæmt lögnum“ í 1. másl. 2. mgr. verði „allar þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til að meta rétt hvers innstæðueiganda“.

f. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi: Nú er innstæðueigandi réttthafi í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar og skiptist þá greiðsla tryggingarfjárhæðar á milli vörsluaðila og hans í sama hlutfalli og hlutur hans í reikningi vörsluaðila af heildarinnstæðum hans hjá viðkomandi innlánsstofnun nemur. Vörsluaðili ráðstafar fénu samkvæmt skilagrein sjóðsins og greiðir til réttthafa í samræmi við skilmála samnings þeirra á milli.

g. Við 1. másl. 3. mgr. (sem verður 4. mgr.) bætist: „sem nemur fjárhæð greiðslunnar“.

h. 2. másl. 3. mgr. fellur brott.

i. Á eftir orðalaginu „komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann“ í 1. másl. 4. mgr. (sem verður 5. mgr.) komi „án sérstakrar framsalsyfirlýsingar“

j. 2. og 3. másl. 6. mgr. (sem verður 7. mgr.) falli brott.

### *Skýring*

Í 12. gr. er fjallað um greiðslur úr A-deild sjóðsins, þ.e. greiðslur tryggingaffjárhæðar til innstæðueigenda. Þeim breytingum sem hér eru lagðar til er ætlað að skýra nánar fyrirkomulagið við greiðslur úr sjóðnum, framsal krafna og forgang. Hér er einnig kveðið á um greiðslur til réttihafa í innlánsleið vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Ástæða þessa er sú að ekki þótti samgjarnt að þeir sem safnað hefðu séreignarsparnaði samkvæmt lögum þar um og ættu hlutdeild í safnreikningum hjá innlánsstofnun sem eingöngu fjárfesti lífeyrissparnað í bundnum innlánum, nytu ekki verndar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, á sama hátt og þeir viðskiptavinir sem söfnuðu séreignarsparnaði á sambærilegan reikning á eigin nafni. Litið er svo á að form reikningsins ætti ekki að ráða úrslitum um tryggingarvernd viðkomandi innstæðueiganda, svo framarlega sem í báðum tilvikum væri um að ræða söfnun á bundinn innlánsreikning samkvæmt fjárfestingarstefnu vörsluaðila. Í 4. mgr., sem verður 5. mgr. er kveðið á um að innstæður skv. lögum teljist til forgangskrafna skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Litið er svo á að kröfur innstæðueigenda og kröfur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda njóti sama forgangs í þrotabú þar sem um sambærilegar og samkynja kröfur er að ræða. Af því leiðir að framhaldskrafa innstæðueiganda umfram það sem hann fékk bætt frá Tryggingasjóði innstæðueiganda og endurkrafa Tryggingarsjóðs innstæðueiganda vegna þeirra krafna sem sjóðurinn fékk framseldar frá innstæðueigendum teljast jafnrétt háar. Tryggingasjóður innstæðueigenda hefur gert athugasemd við þetta sjónarmið en líta verður svo á að það eigi ekki að skipta máli hver sé handhafi eða eigandi viðkomandi kröfu. Í lögum um gjaldþrotaskipti ræður tegund krafna forgangi þeirra en ekki hver er réttihafi kröfu.

8. Við 14. gr.

- a. Í stað orðsins „innlánsstofnana“ í 1. tölul. komi: fjármálafyrirtækja
- b. 6. og 7. tölul. falli brott.

9. Við 15. gr.

Í stað orðanna „gagnvart innstæðueiganda“ komi: gagnvart innstæðueiganda eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

11. Við 20. gr.

- a. Heiti greinarinnar verði Greiðslur úr verðbréfadeild.
- b. 2. máls. 3. mgr. falli brott.

10. Við 22. gr.

- a. Í stað orðsins „verðbréfafyrirtækja“ í 1. tölul. komi: fjármálafyrirtækja
- b. 6. og 7. tölul. falli brott.

11. Við 26. gr.

- a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ein málsgrein, svohljóðandi: Innlánsstofnanir og fyrirtæki í verðbréfabjónustu skulu á afgreiðslustöðum sínum og vefsíðum hafa til reiðu upplýsingar um innstæðutryggingar og lágmarksvernd fyrir fjárfesta. Upplýsingar skulu vera á tungumáli þess

ríkis þar sem starfsstöð er og tiltaka m.a. fjárhæð tryggingar, hvaða eignir njóta eða eru undanskildar tryggingavernd og hvert viðskiptamaður getur snúið sér neiti fyrirtæki honum um greiðslu. Skulu upplýsingar þessar kynntar viðskiptamönnum sérstaklega við upphaf viðskipta.

b. Í 1. másl. 3. mgr. (sem verður 2. mgr.) komi orðið: „tryggingu“ í stað: „lágmarkstryggingu“.

12. Við 30. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 2010“ í 1. másl. komi „1. september 2010.“

13. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. getur ráðherra skipað stjórn sjóðsins fyrir 1. september 2010 í samræmi við lög þessi.

Um greiðslur iðgjalda vegna ársins 2009 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. skal fyrsti gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. vera síðasti virki dagur nóvember mánaðar 2010 og fyrstu gjalddagar iðgjalda skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. vera síðasti virki dagur febrúar mánaðar 2011.

Ákvæði 15. gr. tekur gildi 1. janúar 2011. Þangað til skulu tímafrestir sjóðsins til útborgunar fara samkvæmt lögum nr. 98/1999.

14. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo.

Tryggingarsjóð sparisjóðanna skal leggja niður eigi síðar en 31. desember 2010. Ekki skal heimilt að leggja þá skyldu á sparisjóðina á árinu 2010 að greiða framlag til sjóðsins. Eignir Tryggingarsjóðs sparisjóðanna skulu renna til sparisjóðanna í sömu hlutföllum og nemur hlutdeild þeirra í heildarinnstæðum hjá sparisjóðum eins og hún kann að verða 31. desember 2010. Standa skal skil á greiðslu til þeirra eigi síðar en 31. mars 2011.

15. Við ákvæði til bráðabirgða nr. III bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi: „Ákvæði laga nr. 98/1999 um útgáfu og greiðslu ábyrgðaryfirlýsinga vegna ársins 2009 og fyrri ára halda gildi sínu óháð því hvort ábyrgðaryfirlýsingar hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal innheimta fjármuni sem nemur ábyrgðaryfirlýsingum aðildarfyrirtækja og skulu þau hafa staðið skil á greiðslu eigi síðar en 31. október 2010. Um vanskil fer skv. 11. gr. laga þessara.“